

# Forystan sem Ísland þarf

*Kæru samherjar, kæru vinir.*

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til landsfundar Samfylkingarinnar í Smáranum í Kópavogi nú á þessu kosningavori. Það er bæði ánægja og heiður að fá að taka á móti þeirri glæsilegu sveit jafnaðarmanna og jafnaðarkvenna sem hér er saman komin í dag. Það er sóknarhugur í Samfylkingunni, hún stendur vel í könnunum og aldrei hafa jafnmargir skráð sig á landsfund eða riflega 1700 manns.

Fylgi í könnunum skiptir þó ekki öllu máli. Þær eru ágætar til síns brúks en ef flokkurinn veit fyrir hvað hann stendur og hvert ferðinni er heitið þá lætur hann kannanir hvorki slá sig út af laginu né heldur ofmetnast hann af þeim þegar vel gengur. Hann heldur sínu striki og er trúr sínu eðli. Þau ár sem ég hef haft þann heiður að tilheyra forystu Samfylkingarinnar hef ég séð fylgi hennar sveiflast í könnunum allt frá 38% í febrúar 2003 og niður í 16% þremur árum síðar. Í kringum síðasta landsfund stóðum við í 20% en þá varð ég stoltust af Samfylkingunni því þá kom hennar rétti karakter í ljós. Flokksfélagar ákváðu á landsfundinum að láta vonda kannanir ekki á sig fá heldur safna liði og sýna og sanna að jafnaðarstefnan ætti erindi við Íslendinga. Við fórum út af fundinum baráttuglöð, færðum fólki rósir og töluðum við hvern mann hvar sem við náðum í hann og fengum þegar upp var staðið nær 27% fylgi.

Á þessum mikilvæga landsfundi sem nú er að hefjast skulum við sækja okkur fordæmi til Kópavogs. Það kann að hljóma sérkennilega í ykkar eyrum, en þó að Kópavogur hafi hin síðari ár verið ofurseldur nokkuð stórkarlalegri pólitík Sjálfstæðisflokksins þá er þetta engu að síður bærinn sem jafnaðarmenn byggðu og hér talar sagan til jafnaðarflokks Íslands með einstæðum og lærdómsríkum hætti.

Hér reis sterkt samfélag jöfnuðar og tækifæra um miðja síðustu öld þegar höfuðborgin Reykjavík hafði ekkert að bjóða alþýðu fólks sem ekki var innvígð og innmúruð, nema lekt, lítið og heilsuspillandi húsnæði.

Við þær aðstæður ákvað réttisýnt og duglegt fólk að taka höndum saman, nema nýtt land og byggja nýjan bæ frá grunni. Með okkur hér í dag eru örugglega fulltrúar þeirrar kynslóðar Kópavogsbúa, fulltrúar mikilvægrar sigursögu jafnaðarmanna. Þau bera með sér reynsluna af að sigrast á aðstæðum, bjóða mótlæti byrginn, eygja ný tækifæri, taka höndum saman og sjá tíðina batna.

Þau eru félagar okkar og af þeim lærum við öll. Við skulum vinna í þeirra anda á fundinum. Taka höndum saman, eygja ný tækifæri og sýna að við höfum bæði vilja og getu til að sigrast á erfiðum aðstæðum.

## I.

Það er tilgangur þessa fundar að skerpa kosningaáherslur Samfylkingarinnar, þetta raðirnar og efla baráttuandann. Þessi landsfundur er haldinn talsvert fyrir en við ætluðum þegar við komum síðast saman á landsfundi í Egilshöllinni vorið 2007. Ástæðuna þekkjum við öll – fjármálakreppuna miklu, stjórnarslit, nýja

stjórnarmyndun og boðun kosninga. Við höfum staðið í ströngu á undanförunum mánuðum. Ég held ég geti fullyrt að ekkert okkar hafi áður upplifað jafn dramatíska atburði í sögu landsins og mér er til efs að við munum upplifa nokkuð viðlíka aftur, jafnvel þó við eigum langa ævi framundan. Áfallið er vissulega mikið en kannski er það enn harkalegra fyrir þá sök að á síðari tímum hafa margir gengið að því sem vísu að efnaleg velmegun í samfélagi okkar stefndi beint upp á við. Alvarlegt bakslag eða afturkippur tilheyrði fortíðinni en ekki nútímanum.

Þess vegna finnst líka ýmsum eins og nú þurfi að núllstillja íslenskt samfélag. Allt þurfi að gera með algerlega nýjum hætti og hvorki gömul né nýliðin reynsla sé nothæf.

En við stöndum ekki á núllpunkti. Nú er miklu heldur stund endurkynna við sögu og samhengi íslensks samfélags, stund yfirvegaðs endurmats. Virðingin fyrir samstöðu og heildarhagsmunum verði á ný leiðarljós íslenskrar þjóðar.

Andi frumherja Kópavogs er dæmi um reynslusjóð sem við getum sótt í. En vítin til að varast blasa líka hvarvetna við hér í Kópavogi og í öðrum bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem trúðu á ævarandi uppgang.. Hvert og eitt þeirra ætlaði að laða til sín þorra allra húsbýggjenda og nú standa heilu hverfin auð og grafa í senn undan gróandi byggð, fjárhag bæjarfélaganna og fasteignaverði í landinu. Samhengi og heildarhagsmunir voru ekki virtir í pólitíkinni og hið sama einkenndi íslenskt viðskiptalíf. Þess vegna voru Icesave-reikningarnir valdir viðskiptahugmynd ársins 2007 á Íslandi meðan þeir voru taldir ögrun í öðrum löndum. Þess vegna töldu íslenskir fjármálamenn að þeir gætu lagt heiminn að fótum sér. Í stað þess að virða sögu og samhengi viðskipta í ólíkum löndum fóru menn í strandhögg.

En það er auðvelt að vera vitur eftir á.

## II.

Þegar atburðir haustsins eru skoðaðir í baksýnisspegli undir sjónarhorni þeirrar vitneskju sem við síðan höfum aflað okkur, má greina ýmsa vá- og fyrirboða um það sem síðar varð. Ég held hins vegar að enginn hafi vísvitandi skellt skollaeyrum við þessum merkjum en margir kunnu ekki að lesa í þau. Á þessum tíma hugsuðum við aldrei þá hugsun til enda að nokkuð þessu líkt væri framundan.

Svo tekinn sé nærtækur samjöfnuður þá vorum við álíka ómeðvituð um það sem í vændum var, eins og flestir voru um hrun Berlínarmúrsins á sínum tíma. Slík hrun gera boð á undan sér en það er talsvert auðveldara að greina orsakasamhengið eftir á en fyrirfram. Það er líka sammerkt með þessum tilvikum að eftir á koma fram stjórnspekingar, fræðimenn og leikmenn sem telja sig með einhverjum hætti hafa séð fyrir og bent á í hvað stefndi. Þeir hafa sitthvað til sín máls en þó var framsetning þeirra ekki skýrari né meira afgerandi en svo að hún náði aldrei að fanga athygli almennings, fjölmiðla né stjórnámálanna. Þetta urðu víkjandi kenningar en ekki ríkjandi.

Kæru félagar.

Ég hef hugsað mikið um atburði haustsins enda hafa þeir leitað mjög á mig og ég hef haft til þess rúman tíma í veikindum mínum. Ég hef velt því mikið fyrir mér hvort ég

og Samfylkingin höfum brugðist og ef svo er þá hvar. Ég hef almennt reynt að átta mig á því hvað hafi brugðist, hvað hafi hrundið af stað þeirri atburðarás sem leiddi til þessara hamfara og hvar og hvenær hún hófst. Ég hef síðast en ekki síst reynt að skilja það siðrof sem varð í íslensku samfélagi þegar ákveðinn hópur manna hætti að sækja sér viðmið í íslenskan veruleika, tók upp lífshætti erlendra auðmanna og gaf goðsögninni um stéttlaust samfélag á Íslandi langt nef. Svo er ég enn að reyna að komast til botns í því hvers vegna íslenskt samfélag gekkst inn á þetta, þó að ekki væri nema með þegjandi þögninni eða með því að taka fagnandi þeim brauðmolum sem hrutu af borðum auðmannanna - og má þá einu gilda hvort í hlut áttu rithöfundar, leikhúsfólk, stjórnámamenn, fjölmiðlamenn, sveitarstjórnarmenn, skólamenn eða aðrir framámenn í samfélaginu.

Ég hef ekki fundið svörin við öllum þessum spurningum og ég get því ekki svarað þeim hér. Ég hlýt hins vegar að láta það koma fram að ég tel nokkrar meginástæður fyrir þeirri alvarlegu stöðu sem hér myndaðist á fjármálamarkaði og leiddi að til tvöfaldrar kreppu á Íslandi, bankakreppu og gjaldeyriskreppu.

- 1) Alþjóðavæðing fjármálakerfisins með EES samningnum á grundvelli örmyntar, sem enginn þekkir, án þess að viðeigandi varnir væru tryggðar innanlands með nægilega öflugum eftirlitsstofnunum og mun stærri gjaldeyrisvaraförða.
- 2) Einkavinavæðing bankanna þegar dreifð eignaraðild var látin lönd og leið en ákveðnir hópar handvaldir af ráðherrum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks til að eignast ráðandi hlut í bönkunum.
- 3) Alvarleg hagstjórnarmistök á síðasta kjörtímabili þessara flokka sem voru þensluhvetjandi og juku verulega skuldsetningu heimila og fyrirtækja.
- 4) Eigendur og helstu stjórnendur bankanna voru of gráðugir og of reynslulitlir í bankamálum. Þeir ætluðu að sigra heiminn en horfðust ekki í augu við að það tekst engum sem ekki á sér öflugan bakhjarl.
- 5) Skortur á tímabærri greiningu og tillögum frá eftirlitsstofnunum um aðgerðir sem gætu sett fjármálakerfinu nauðsynlegar skorður. Flest bendir hins vegar til að þegar komið var fram á árið 2007/2008 hafi fjármálakerfið þegar verið vaxið landinu yfir höfuð og engar aðgerðir hefðu dugað nema neyðaraðgerðir með tilheyrandi áföllum.
- 6) Alþjóðlegur fjármálafellibylur sem feykta um koll mörgum af stærstu fjármálastofnunum heimsins en þá lokaðist á augabragði fyrir lausafé til banka og fjármálafyrirtækja sem varð til þess að knésetja íslensku bankana

Hvað sjálfa mig varðar þá hef ég örugglega eins og margir aðrir sýnt ákveðið andvaraleysi gagnvart samfélagsþróuninni en sem aðili að síðustu ríkisstjórn er það öðru fremur tvennt sem ég staldra við.

Í fyrsta lagi held ég að mín stærsta yfirsjón sé að hafa ekki gert mun afdráttarlausari kröfur um breytingar á stjórnkerfinu þegar Samfylkingin efndi til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn vorið 2007. Breytingar sem hefðu tryggt meiri fagmennsku, gagnrýni og gagnsæi í stjórnkerfinu. Í Sjálfstæðisflokknum fer auðvald og ríkisvald hönd í hönd. Hér ríkir kunningjakapítalismi. Sjálfstæðismenn eru ráðandi jafnt í fyrirtækjum sem stjórnkerfi og sú samtrygging sem þannig hefur komist á leiðir til aga- og aðhaldsleysis. Ég hef sjálf margítrekað sett þetta fram í opinberri umræðu á liðnum árum og þessvegna átti ég og við öll í Samfylkingunni að vita þetta. Það sem

sló hins vegar ryki í augu okkar voru þær mannabreytingar sem þá höfðu orðið í forystu flokksins. Nýir og geðþekktari einstaklingar höfðu tekið við stjórninni og við bundum vonir við þá. Við horfðum framhjá því við stjórnarmyndunina að vandamálið er ekki fólkið heldur flokkurinn. Hér höfum við bara við okkur sjálf að sakast.

Önnur yfirsjón er að hafa ekki gert kröfu um miklu fastara og ákveðnara taumhald á aðgerðum ríkisins strax og Glitnismálið kom upp. Aðgerðir voru of fálmkenndar, upplýsingar voru af skornum skammti og framkvæmd tók alltof langan tíma.

Þetta vil ég endilega segja hér, ekki vegna þess að ég telji mig þannig geta fullnægt formsatriði sem gerir mér kleift að kasta syndunum bakvið mig og hafa jafnvel af því pólitískan ávinning, heldur vegna þess að það er mín skoðun að við verðum að horfast í augu við að þarna liggja hin pólitíska ábyrgð Samfylkingarinnar gagnvart samfélaginu og mín þar með. Við fylgdum ekki nógu fast eftir okkar eigin sannfæringu um nauðsynlegar umbætur, við fylgdum ekki orðum eftir með athöfnum, við létum gildismat Sjálfstæðisflokksins og viðskiptalífsins yfir okkur ganga og súpum nú seyðið af því ásamt með þorra þjóðarinnar.

### III.

Það sem hélt okkur í samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn fram yfir áramót var aðallega þrennt. Í fyrsta lagi mikilvægi þess að halda líflínunni við útlönd opinni m.a. í gegnum alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í öðru lagi nauðsyn þess að afgreiða fjárlög fyrir árið 2009. Í þriðja lagi vilyrði um stefnubreytingu hjá Sjálfstæðisflokknum varðandi stjórnkerfi Seðlabankans og Evrópusambandið.

Þann 23. október sl. afgreiddi ríkisstjórn Íslands efnahagsáætlun sína og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins sem var forsenda lánveitinga annarra ríkja og viðskipta Íslands við umheiminn. En við tók biðin langa og óvissan mikla. Það dróst í fimm vikur að málið kæmist í höfn vegna tortryggni annarra ríkja og markviss andróðurs Breta. Við höfðum heiminn einfaldlega á móti okkur. Samfylkingin hafði þá forgöngu um að hafa samband við þessi ríki, leita pólitískra lausna á deilumálum og lenda umsókninni. Í þessu sambandi skulum við hafa í huga að forsprakkar úr öllum öðrum flokkum virtust reiðubúnir til að rjúfa tengsl landsins við aðrar þjóðir. Þessi trippi varð Samfylkingin að reka. Innan Sjálfstæðisflokksins heyrðust háværar raddir um að aldrei kæmi til greina að leita til Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og stjórnarandstæðingar sögðu að þeir myndu segja slíkum samningi upp þegar í stað. “Ég sigli landinu burt“ segir Galbra-Loftur á einum stað í hinu fræga leikriti. Þá vita áhorfendur að honum er hætta búinn.

Sannleikurinn er sá að án samstarfs við AGS fengi Ísland engin lán frá öðrum ríkjum. Sannleikurinn er sá að það geisar heimskreppa, sú alvarlegasta í mannsaldur, og alþjóðasamstarf er eina leiðin út úr henni með gjaldeyrissjóðinn sem lykilstofnun.

Af þessari reynslu segi ég við ykkur íslenskir jafnaðarmenn: Virk utanríkisstefna lands sem talar eigin röddu, tekur þátt af fullri ábyrgð og kýs að sitja við borðið þar sem hagsmunamálum okkar er ráðið, er forsenda þess að unnt sé að reisa landið við.

Það er hlutverk Samfylkingarinnar að byggja upp slíka utanríkisstefnu og tryggja þannig hagsmuni þjóðarinnar og orðspor landsins. Lokað Ísland má ekki verða.

Kæru félagar

Vandi Samfylkingarinnar í samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn var ekki síst sá að okkur tókst ekki að breyta þeim pólitíska kultúr sem ríkisstjórnir á Íslandi hafa hingað til byggt á, þrátt fyrir ýmsar tilraunir í þá veru. Samráð við aðila vinnumarkaðarins eða almennasamtök varð aldrei barn í brók þó að við reyndum að selja Sjálfstæðisflokknum írsku leiðina sem byggist á formföstu og skipulögðu samstarfi um sameiginlegar áætlanir, hagrád var aldrei stofnað eins og við lögðum til og hagstjórnin var alltof laus í reipunum, virðing fyrir vandaðri meðferð valds var ekki höfð að leiðarljósi og leyndarhyggjan hélt áfram.

Í því sambandi verðum við þó að hafa í huga að samstarfið stóð aðeins í 18 mánuði alls en við ætluðum okkur að sjálfsögðu a.m.k. fjögur ár til að ná fram breytingum sem máli skipta. Pólitískum kultúr og stofnunum verður ekki breytt eins og hendi sé veifað. Til þess þarf tíma. Það þekki ég frá Reykjavíkurborg.

Samstarfið við Sjálfstæðisflokkinn var þó ekki bara slæmt og mikilvægt er að hafa í huga að margvíslegar réttarbætur náðu fram að ganga s.s. aðgerðaáætlun í þágu barna og unglinga, hækkun skattleysismarka, hækkun tekjutengdra barnabóta, hækkun vaxtabóta, veruleg hækkun lægstu lífeyrisbóta, við komum í höfn því mikilvæga mannréttindamáli að greiða lífeyrisþegum bætur án tillits til tekna maka, orkulögum var breytt, nýsköpunarmál fengu aukið vægi og við komum Evrópumálunum á nokkurn rekspól. Margir bundu líka vonir við þetta samstarf og kannanir sýndu að í upphafi naut það stuðnings fimm af hverjum sex sem spurðir voru.

#### IV.

En kæru vinir.

Allt er þetta liðin tíð og nú er Samfylkingin í annars konar stjórnarsamstarfi sem lofar góðu en mun bjóða upp á ögranir og hættur eins og allt samstarf ólíkra aðila gerir. En það skiptir máli hverjir stjórna. Verkstjórninni varð að breyta.

Ríkisstjórnin undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur hefur verið starfsöm eins og við var að búast enda hefur enginn tærnar þar sem Jóhanna hefur hælana þegar kemur að atorku og vinnusemi. Árangurinn er verulegur. Upplýsingagjöf hefur verið aukin til muna, endurskoðun stjórnsýslunnar er hafin með breytingum á lögum um Seðlabanka, mikilvægar stjórnarskrárbreytingar hafa verið lagðar fram, ríkisstjórnin hefur rennt styrkari stoðum undir rannsóknir á bankahruninu, hún hefur lagt fram áætlun um sköpun allt að 4000 ársverka á næstu mánuðum, hún vinnur ötullega að endurreisn bankakerfisins og fjárhag heimila og fyrirtækja. Síðast en ekki síst hefur ríkisstjórnin staðið vörð um velferðarkerfið.

Ég dreg ekki dul á að það skiptir mig miklu máli að Samfylkingin er í forystu í þessu stjórnarsamstarfi og hefur tök á að móta starfið bæði í reynd og sýnd. Nú er tækifærið fyrir Samfylkinguna að sýna að hún sé burðarflokkur í íslenskum stjórnmálum. Hún sé sá frjálslýndi umbótaflokkur sem við þurfum svo á að halda núna. Flokkurinn sem skilur mikilvægi þess að breyta en ekki bylta, sem er sanngjarn, víðsýnn og frjálslýndur. Í komandi kosningum hlýtur flokkurinn að leita eftir umboði frá kjósendum til að verða áfram í forystu í ríkisstjórn eftir kosningar og leiða hin

klassísku gildi jafnaðarstefnunnar til öndvegis í íslensku samfélagi. Það er hlutverk Samfylkingarinnar að tryggja að réttlætiskrafa jafnaðarstefnunnar nái fram að ganga, að byrðunum sé jafnt skipt og þeir borgi sem það geta en hinir fái stuðning sem þess þurfa. Enfremur er það hlutverk Samfylkingarinnar að veita forystu nýrri lýðræðismenningu sem gerir opnun og gegnsæi, skýrar leikreglur og virðingu fyrir almannahagsmunum að daglegum veruleika almennings á Íslandi. Nú þarf að beita ríkisvaldinu í almannabágu.

Þegar klækjastjórnsmál sjálfstæðismanna drógu traust almennings á borgarstjórn niður í níu prósent í fyrravetur var mér verulega brugðið fyrir hönd Reykjavíkur. Nú gilda slíkar tölur um flestar stofnanir samfélagsins – nema lögregluna sem er merkilegt eftir það sem á henni hefur mætt í vetur.

Samfylkingin á með verkum sínum, vinnubrögðum og framgöngu að leggja höfuðkapp á að byggja upp traust á stofnunum almannavaldsins að nýju. Leiðin til þess er ekki að fallast á hverja nýja kröfu, hlýða hvaða kalli sem er, þola enga ágjöf, segja aldrei óþægilegu hlutina, heldur einmitt með því að sýna sanngirni, staðfestu og úthald.

Samfylkingin er flokkur jafnaðarstefnunnar en sú stefna hefur staðið af sér öll fjarviðri 20. aldarinnar og fyrsta áratugar þeirrar 21. Á sama tíma höfum við bæði fylgst með skipbroti kommúnismans og óhefts kapítalisma og þeir pólitísku straumar sem þangað hafa sótt fyrirmyndir sínar eiga erfitt uppdráttar í heiminum í dag. Jafnaðarstefnan hefur staðið þetta af sér af því hún er laus við öfga og krefst þess hvorki að hafa vit fyrir fólki og tukta það, eins og flokkar með leníníska fortíð, né heldur gefur hún öllu lausan tauminn á einhvers konar markaðstorgi þar sem allt er falt, eins og flokkar með frjálshyggju að leiðarljósi.

Þessi landsfundur er haldinn undir kjörorðinu Vinna og velferð. Það er umbúðalaus lýsing á því sem brýnast er að tryggja á komandi kjörtímabili. Meðal þeirra brýnu verkefna sem ný ríkisstjórn undir forystu jafnaðarmanna þarf að hrinda í framkvæmd er heildstæð sóknarstefna fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem stefnan verður tekin á að því að Ísland verði komið í hóp tíu samkeppnishæfustu þjóða heims fyrir 2020. Um leið verður að fylgja metnaðarfullri félagslegri jafnaðarstefnu, sem hefur það að markmiði að tryggja að allir landsmenn hafi lágmarksframfærslu.

Þessum markmiðum verður erfitt að ná og halda meðan við búum við þær sveiflur sem fylgja okkar litla gjaldmiðli. Þessvegna verður ekki lengur undan því vikist að marka nýja peningamálastefnu með samningum við Evrópusambandið. Strax í upphafi aðildarviðræðna er hægt að leita samvinnu við ESB um aðgerðir til að auðvelda afnám gjaldeyrishafta og styðja við verðmyndun krónunnar. Ég hef á undanförunum mánuðum rætt stöðu Íslands ítarlega í einkasamtölum við utanríkisráðherra helstu ríkja Evrópusambandsins og hef skynjað ríkan áhuga á aðild okkar. Þrátt fyrir allt þá er lag núna.

## V.

Mörg og erfið úrlausnarefni bíða nýrrar ríkisstjórnar og um þau öll verður fjallað á þessum landsfundi. Í erli dagsins má þó ekki gleymast að líklega er mikilvægasta verkefnið að veita þjóðinni siðferðilega forystu í uppgjörinu við

kunningjakapítalismann og peningahyggjuna.

Ég sagði áðan að það hefði orðið siðrof í íslensku samfélagi. Siðferðileg forysta sameinar samfélagið á ný, leitar sátta en sundrar því ekki eftir nýjum línun. Sú forysta getur hvorki verið reynslulaus né sögulaus. Hún skilur að öll endurnýjun byggir á því sem við áður þekktum. Krafan um endurnýjun verður þess vegna að vera krafa um pólitíska og menningarlega nýsköpun en ekki um fólk eða samfélag sem á ekki eða slær striki yfir fortíð sína eða sögu. Við verðum bæði að vita hvaðan við komum og hvert við ætlum.

Hannes Pétursson yrkir svo um framtíðina.

Ferð þín er hafin.  
farlægjast heimatún.  
Nú fylgir þú vötnum  
sem falla til nýrra staða  
og sjónhringar nýir  
sindra þér fyrir augum.

en alnýjum degi  
fær þú aldrei kynnt.  
Í lind reynslunnar  
fellur ljós hveggjar stundar  
og birtist þar  
slungið blikandi speglun  
alls þess sem áður var.

Kæru vinir og félagar.

Samfylkingin er ungur flokkur – 10 ára á næsta ári en hún er samt orðinn flokkur með reynslu. Það skiptir máli vegna þess að hún hefur svo mikilvægu hlutverki að gegna við þær aðstæður sem nú eru uppi. Þó að jafnaðarstefnan hafi numið land á Íslandi í upphafi síðustu aldar þá var það ekki fyrr en með Samfylkingunni sem stór hluti Íslendinga – a.m.k. þriðjungur þjóðarinnar - gat með sanni sagt: „Ég er jafnaðarmaður og ég á mér flokk sem berst fyrir jafnaðarstefnunni”. Með Samfylkingunni kom fram á sjónarsviðið flokkur sem sækir í hefðir umbótaflokkanna en ekki byltingarflokka, er framkvæmdaflokkur en ekki flokkur teknókrata, flokkur þar sem kvenlæg gildi eiga að veða jafnþungt og hin karllægu. Flokkur sem lætur sér annt um fólk og sýnir því virðingu en er ekki uppeldisstöð fyrir orðhvata hrossabresti. Jafnaðarflokkur eins og þeir gerast bestir. Í þannig flokki vil ég vera og þess vegna gekk ég til liðs við Samfylkinguna.

Ég hóf minn feril hins vegar fyrir tuttugu og sjö árum þegar ég settist 27 ára gömul í borgarstjórn fyrir nýstofnað Kvænnaframboð. Ég fór í pólitík til að skapa og ég hef átt aðild að stofnun þriggja velheppnaðra stjórnmalasamtaka – Kvænnaframtaks, Reykjavíkurlistans og Samfylkingarinnar. Ég hef barist á jaðrinum fyrir pólitískum hugmyndum sem flokksstofnanir töldu fráleitar, ég hef borið ábyrgð á að bandalag fjögurra stjórnmalaflokka gengi upp og ég markaði mér það verkefni að Samfylkingin yrði burðarflokkur í íslenskum stjórnmalum, jafnaðarflokkur að norrænni fyrirmynd sem sækti frá vinstri inn að miðju, virti rætur sína en væri jafnframt ávallt opinn fyrir nýju straumum, skynjaði tímans þunga nið. Þessvegna lagði ég svo mikla áherslu á

að færa fram stefnuna um Fagra Ísland og þessvegna gerði ég samráðsstjórn málin að lykilmáli.

Á þessum 27 árum hef ég bæði tilheyrt grasrót og forystu flokks og ég hef séð jaðarmálefnið verða að meginstraumi. Ég hef farið fyrir mínu liði í fernum kosningum og í öll fjögur skiptin skilað því í stjórn. Ég var árum saman svarnasti andstæðingur Sjálfstæðisflokksins að þeirra eigin mati en síðan líka, eins og kankvís karl sagði við mig í Vesturbæjarlauginni, næstum eins og síðasti vinur hans í lok árs 2008. Þegar þing kom saman á nýju ári var það meðal fyrstu verka minna að leiða til lykta á þingflokksfundi ríkisstjórnarþátttöku okkar. Þar og þá ákvað ég að ég myndi tryggja að fyrsta konan yrði forsætisráðherra á Íslandi – sú kona sem hefur staðið vaktina áratugum saman, sem allir elska nú og dá en hefur stundum þurft að feta sína eigin slóð án mikils liðsinnis. Þannig snýst gæfuhjól lífsins. Við vitum aldrei hvar það stoppar næst.

Samfylkingin hefur öðlast mikla og dýrkeypta reynslu á undanförunum mánuðum og það hef ég líka gert. Mín persónulega reynsla hefur nú leitt til þess að ég hef ákveðið að stíga til hliðar í stjórn málum um sinn og gef því ekki kost á mér áfram sem formaður flokksins. Það var ekki einföld ákvörðun að hætta og gefa frá sér bæði starf og stöðu en ég held að það hafi verið rétt ákvörðun. Aðstæður valda því að ég get ekki leitt mitt lið í þessum kosningum ekkert frekar en slasaður fyrirliði í knattspyrnu leiðir ekki lið sitt í mikilvægum landsleik. Það er of mikið í húfi, bæði fyrir mig og liðið, til að taka slíka áhættu. Samfylkingin leikur til sigurs og þarf á öllu sínu fólki að halda, ólöskuðu. Tíminn mun svo að leiða í ljós hvort ég leik aftur með liðinu eða ekki.

Ég veit að þið virðið það mér til vorkunnar þó að ég nefni heilsu mína og fjármálamarkaðina í sama orðinu. Ástæðan er einfaldlega sú að hvort tveggja hrundi á sama degi og þess vegna verður upplifun mín af þessum atburðum tveim ekki svo auðveldlega aðskilin. Vel má líta á þá báða einvörðungu sem mikið áfall og einblína á þær neikvæðu afleiðingar sem þeir hafa. En það má líka líta á þessa atburði sem sársaukafullt en um leið kærkomið tækifæri til að staldra við og endurmeta það sem máli skiptir í lífinu. Forsenda þess er að maður sætti sig við þá staðreynd að það er ekki hægt að komast á réttan kjöl aftur, verða heilbrigður, án umtalsverðra inngrípa þar sem mein eru skorin burt og mikilvæg starfsemi þjálfuð á nýjan leik að því loknu. En það er ekki hægt að stytta sér leið. Meinið verður að fara og ákveðið endurmat verður að eiga sér stað til þess að við getum byggt okkur upp aftur. Það ætla ég að gera.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka ykkur fyrir að hafa treyst mér til forystu í flokknum. Ég vil þakka ykkur sem haldið uppi flokksstarfinu út um allt land fyrir óeigingjarnt starf í þágu jafnaðarstefnunnar, ég þakka framkvæmdastjórn og starfsfólki Samfylkingarinnar fyrir samstarfið og stuðninginn sem þau hafa veitt mér á undanförunum árum – án þess að halla á nokkurn vil ég sérstaklega nefna Gerðu, Rannveigu og Skúla. Ég þakka þingmönnum Samfylkingarinnar samstarfið og samfylgdina á umliðnum árum og óska þeim sem halda áfram og hinum sem bætast í hópinn velfarnaðar í þeirra vandasömu störfum. Jóhönnu Sigurðardóttur fylgja sérstakar heillaóskir í þeirri erfiðu vegferð sem hún hefur tekið að sér fyrir okkar hönd. Síðast en ekki síst þakka ég öllum þeim sem hafa sent mér góðar óskir, sterka



strauma og fallegar hugsanir á umliðnum vikum og mánuðum sem hafa ratað svikalaust til mín og hjálpað mér að takast á við veikindin.

En ágætu félagar og vinir. Ég er ekki farin. Ég er bara á vegamótum. Ég þakka fyrir mig og segi landsfund Samfylkingarinnar árið 2009 settan.

